

## Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: Bæjarráð Mosfellsbæjar  
Varðandi: Alþingi

Nr. erindis 201705161/50.13  
Dags.: 07.06.2017  
Málefni: Umsögn við frumvarp til laga um skóga og skógrækt

---

Bæjarráð Mosfellsbæjar óskaði á 1308. fundi sínum þann 1.júní 2017 eftir umsögn umhverfisstjóra um frumvarp til laga um skóga og skógrækt.

Undirritaður tekur vel í frumvarpið og þau markmið sem þar eru sett fram varðandi vernd, ræktun og nýtingu skóga. Núgildandi lög eru yfir 60 ára gömul og uppfærsla tímabær. Þann 1.júlí 2016 tóku gildi breytingar á stjórnsyslu skógræktar þegar ný ríkisstofnun, Skógræktin, tók við öllum verkefnum Skógræktar ríkisins og fimm landshlutaverkefnum.

Nauðsynlegt er að uppfæra lög um skóga og skógrækt m.t.t. breytinga á öðrum lögum í þessum málaflokki, eins og lögum um náttúruvernd og lögum um mat á umhverfisáhrifum, og í samræmi við þá þróun sem hefur orðið í samfélaginu á þessum tíma. Ísland er að miklu leyti skógarlaust og því er nauðsynlegt að huga vel að jákvæðum áhrifum þeirra á umhverfið og lýðheilsu, skógarnytjar, lífræðilegan fjölbreytileika, skjólmyndun, vernd gegn jarðvegsrofi og aðgengi fólks að skógum. Þó er nauðsynlegt að tryggja að skógrækt verði ekki stjórnlaus eða óskipulögð, heldur að um hana gildi reglur og eftirlit. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Skógræktin vinni framkvæmdaáætlun fyrir hvern landshluta í góðu samráði við viðkomandi sveitarfélög og að unnin verði ræktunaráætlun fyrir alla nýræktun skóga. Ennfremur leggi ráðherra fram á fimm ára fresti landsáætlun í skógrækt til tíu ára í senn, sem er nýmæli í skógræktarlögum.

Undirritaður telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarpið eða veita um það sérstaka umsögn.

Virðingarfyllst.,  
Tómas Guðberg Gíslason  
Umhverfisstjóri Mosfellsbæjar